

Mál nr. 6.

Knattspyrnudeild Leiknis, Reykjavík

gegn

Knattspyrnudeild Fram, Reykjavík

Kæra Leiknis:

Knattspyrnudeild Leiknis, Reykjavík kærir hér með leik Fram og Leiknis, í úrslitakeppni Íslandsmóts KSÍ 1996 í fjórða flokki karla, til knattspyrnudómstóls Reykjaness.

Kæruefni er ólöglega skipan liðs Fram í leik Fram og Leiknis í úrslitakeppni Íslandsmótsins 1996 í fjórða flokki karla sem fram fór þann 15. ágúst 1996, kl. 15:00 að Ásvöllum í Hafnarfirði. Brot Fram varðar við grein 4.4.1. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót þar sem Úlfar F. Jóhannsson, kt: 060982-3139 lék með Fram í umræddum leik en var á sama tíma ekki hlutengur með Fram.

Samkvæmt gögnum frá KSÍ lék Úlfar F. Jóhannsson með fjórða flokki karla í HK, Kópavogi í leiknum Stjarnan - HK í Íslandsmóttinu þann 10. júní 1996 og því félagasbundinn HK samkvæmt grein 1.A.2. í reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna. Ekki var búið að ganga frá félagaskiptum fyrir Úlfar F. Jóhannsson úr HK í Fram fyrir leikinn Fram - Leiknir og hann því ekki hlutengur með Fram.

Krafa kæranda er að leikurinn Fram - Leiknir í fjórða flokki karla í úrslitakeppni Íslandsmótsins 1996 sem fram fór þann 15. ágúst 1996 verði úrskurðaður Leikni unninn með markatölunni 0-3.

Reykjavík 20. ágúst 1996,

f.h. knattspyrnudeildar Leiknis
Alferð Alfreðsson, form. mfl.

Úrskurður knattspyrnudómstóls Reykjaness:

Álit dómsins:

Óumdeild er í málinu að Úlfar Freyr Jóhannsson lék með varnaraðila í umræddum leik eins og leikskýrsla ber með sér. Jafnframt er óumdeilt í málinu að Úlfar Freyr lék með HK í fyrsta skipti í Íslandsmóttinu á almanaksárinu. Reglugerð KSÍ um félagaskipti leikmanna var ekki framfylgt. Úlfar Freyr var því óhlutengur með varnaaðila. Lið varnaraðila mætti ólöglega skipað til leiks.

Með vísan til 4.4.1. gr. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og samkvæmt framansögðu telst lið varnaraðila hafa tapað umræddum leik með markatölunni 0-3. Samkvæmt ákvæði í 4.5.3.

gr. skal dæma varnarðila þegar svona stendur á til greiðslu sektar sem renni til KSÍ með vísan til þessa og eins og mál þetta er vaxið greiði varnaraðili sekt að fjárhæð kr. 7.500,- til KSÍ.

Dómsorð:

Leikur Leiknis, knattspyrnudeildar og Knattspyrnufélagsins Fram, knattspyrnudeild í 4. deild karla í 8 liða úrslitum Íslandsmótsins í knattspyrnu, sem fram fór að Ásvöllum í Hafnarfirði, kl. 15:00, 15. ágúst 1996, dæmdist tapaður. Knattspyrnufélaginu Fram, knattspyrnudeild, með markatölunni 0-3. Knattspyrnufélagið Fram, knattspyrnudeild, greiði kr. 7.500 í sekt sem renni til KSÍ.

Fleira ekki gert og dómþingi slitið.

Halldór Frímannsson (sign.)

Ásbjörn Jónsson (sign.)

Gunnar Vilbergsson (sign.)